

Skólaráðsfundur Brúarásskóla 4. maí 2015

Mætt eru Stefanía, Jón Steinar, Þórey, Steinunn, Ingunn. Gunna í Hofteigi og Halldóra eru fjarverandi. Dvalinn og Aron Víðir sátu upphaf fundarins fyrir hönd nemenda. Ingunn Snædal ritar fundargerð.

Dagskrá

Styrkur úr sprotasjóði að upphæð 1,1 milljón króna sem skólanum er veittur til að vinna þróunarverkefni um opnari og sveigjanlegri stundatöflu sem byggir á spannakkerfi og verkefnakennslu í stað hefðbundinna námsgreina. Málið kynnt og rætt, undirbúningsvinna fer af stað núna í maí, fyrir næsta haust.

Ráðningar. Menntaðir kennarar búnir að sækja um, hvort tveggja í leik- og grunnskólann. Verið er að vinna í ráðningarmálum, þeim verður lokið núna í maí.

Farið yfir nýtt skóladagatal sem er í grófum dráttum hefðbundið, með örlitlum breytingum þó vegna fyrirhugaðs spannakkerfis. Skólaráð gerir ekki athugasemdir við skóladagatalið fyrir sína parta.

Farið yfir drög að fjárhagsáætlun 2016, alltaf gaman að því. Skólinn fór aðeins fram úr sl. ár, aðallega vegna síhækkandi raforkuverðs. Hér eru líka að verða svo dýrir starfskraftar, reynslan kostar ☺

Kannanir. Nemendakönnun var gerð sl. október og aftur nú í apríl. Niðurstöður októberkönnunar kynntar og þeim dreift, hún kemur ágætlega út. Bráðlega koma niðurstöður seinni könnunar vetrarins og þá fæst samanburður. Ákveðið að hafa starfsmanna- og foreldrakannanir annað hvert ár framvegis.

Heimasíðan er komin í gagnið, er fín og flott og hefur fengið góðar viðtökur. Verið að vinna í að mjatla skólanámskrá þar inn.

Úttekt á skólamállum. Rætt var um skýrslu þá sem Miðstöð skólaþróunar á Akureyri vann um skóla Fljótshálsbæjar núna eftir áramótin. Að mörgu leyti vekur hún upp spurningar, ekki síst varðandi menntastefnu Fljótshálsbæjar sem ákveðin var árið 2007, en hefur lítið verið farið eftir. Brúarásskóli kemur ekki illa út úr könnuninni sem slíkur, en hún er heldur ekki nákvæm og er hugsuð um skólana í heild, en ekki hvern og einn.

Nýtt vinnumat kennara – verður kynnt á kennarafundi á miðvikudaginn.

Staða verkefna:

Grænfáninn, sótt verður um hann aftur nú í vor, úttekt gerð í haust og honum vonandi flaggað enn í framhaldinu.

LEGO-verkefnið gekk vel þetta árið, við fórum með tvö lið og komum heim með bikar fyrir besta rannsóknarverkefni og tilnefningu sem besta liðið.

Skólaferðalag er á döfinni til Danmerkur með unglinga næsta vors, svo og Færeyjaferð sem er orðin nauðsynleg sérstaklega eftir velheppnaða heimskókn frá Fuglafirði á dögnum. Aðeins eftir að útfæra smáatriði á borð við hvenær, hvernig og hvað svo ☺

Heilsueflandi skóli, það erum við, höfum lagt áherslu á lífsleikni, samskipti og alls kyns rafræna fræðslu í vetur.

Og að lokum: Nordplus eru ekki vinir okkar ef við fáum ekki styrk til Færeyjaferðar.